

## AUGLÝSING

### um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar.

Í samræmi við 6. gr. laga nr. 78/2002 um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar og fjárlög fyrir árið 2015 hefur iðnaðar- og viðskiptaráðherra ákveðið fjárhæð niðurgreiðslna sem hér segir:

- a) Niðurgreiðsla á raforku til húshitunar:**
- |   |                 |
|---|-----------------|
| á veitusvæði HS veitna                      | 3,57 kr./kWst., |
| á veitusvæði Orkubús Vestfjarða í dreifbýli | 4,87 kr./kWst., |
| á veitusvæði Orkubús Vestfjarða í þéttbýli  | 3,66 kr./kWst., |
| á veitusvæði Rafveitu Reyðarfjarðar         | 3,31 kr./kWst., |
| á veitusvæði RARIK í dreifbýli              | 5,38 kr./kWst., |
| á veitusvæði RARIK í þéttbýli               | 3,68 kr./kWst., |
| á veitusvæði Orkuveitu Reykjavíkur          | 4,05 kr./kWst., |
| á veitusvæði Norðurorku                     | 3,36 kr./kWst.  |
- b) Niðurgreiðsla á vatni frá kyntum hitaveitum:**
- |                   |                            |
|-------------------|----------------------------|
| RARIK             | 2,66 kr./kWst,             |
| Orkubú Vestfjarða | 2,56 kr./kWst.             |
| HS veitur         | 97,26 kr./m <sup>3</sup> . |
- c) Niðurgreiðsla á olíu til húshitunar.**  
Niðurgreiðsla á olíu til húshitunar tekur mið af meðaltali niðurgreidds raforkuverðs til húshitunar í dreifbýli, nýtni olíuhitunarkerfis og olíuverðs á hverjum ársfjórðungi samkvæmt útreikningum Orkustofnunar.
- d) Niðurgreiðsla á framleiðslu raforku til húshitunar utan almenns dreifikerfis.**  
Niðurgreiðsla á framleiðslu raforku til húshitunar utan almenns dreifikerfis skal vera 1,50 kr./kWst.

Í samræmi við 6. gr. laga nr. 78/2002 um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar og fjárlög fyrir árið 2015 hefur iðnaðar- og viðskiptaráðherra ákveðið að hámarksfjöldi niðurgreiddra kWst./ári til hitunar verði 40.000 kWst. sem svarar til 888 m<sup>3</sup>/ári hjá kyntum hitaveitum og 4.480 lítrar af olíu á ári hjá þeim sem hita með olíu.

Fjárhæðir niðurgreiðslna til húshitunar samkvæmt auglýsingu þessari taka gildi frá og með 1. febrúar 2015.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 27. janúar 2015.*

F. h. iðnaðar- og viðskiptaráðherra,

**Ingvi Már Pálsson.**

Helga Barðadóttir.